



## Jafnréttisáætlun fyrir leikskóla Árborgar 2025-2028

**Jafnréttisstefna fyrir leikskóla Árborgar er þríþætt**, þ.e.nær yfir a) nemendur b) foreldra, c) kennara og aðra starfsmenn leikskólans. Hún nær til jafnréttis kynjanna samkvæmt lögum nr. 150/2020, um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna. Einnig tekur hún mið [af jafnréttisáætlun Sveitarfélagsins Árborgar 2023-2026](#), [Stefnu og viðbragðsáætlun Sveitarfélagsins Árborgar gegn einelti](#), kynbundinni áreitni, kynferðislegri áreitni og ofbeldi (EKKO) og [Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna](#) um réttindi barna.

**Mikilvægt er að tryggja jafnrétti** í viðum skilningi til að hæfileikar allra fái notið sín og leikskólinn njóti þess mannauðs sem býr í hverjum og einum. Lögð er áhersla á að komið sé fram við allt fólk af virðingum og á uppbyggilegan hátt. Jafnframt er lögð áhersla á að í leikskólum Árborgar sé unnið gegn viðhorfum sem gætu leitt til aðstöðumunar vegna kyns, kynþáttar, trúarbragða, uppruna, fötlunar eða kynhneigðar.

**Líkt og Sveitarfélagið Árborg fordæma leikskólar Árborgar allt einelti, áreitni, ofbeldi eða aðra ótilhlýðilega háttsemi** og á það við um alla í leikskólasamfélaginu, jafnt börn sem fullorðna. Vísað er til stefnu og viðbragðsáætlun Sveitarfélagsins Árborgar gegn einelti, kynbundinni áreitni, kynferðislegri áreitni og ofbeldi (EKKO) sem er órjúfanlegur hluti af jafnréttisstefnu sveitarfélagsins.

### **Forvörn.**

Í upphafi skólagöngu barns hefst forvarnarstarf gegn einelti með jákvæðum samskiptum á milli heimilis og skóla. Samskipti barna innbyrðis og hvernig þau fara fram skiptir miklu máli í forvarnarstarfi gegn einelti. Áhersla leikskólanna á uppbyggingu jákvæðrar sjálfsmyndar hjá barninu er mikil forvörn. Mikilvægt er að vera með fræðslu fyrir starfsfólk sem byggir á að það þekki einelti þegar það á sér stað og kunni að uppræta og/eða vinna með eineltismál ef þau koma upp. Allt starfsfólk fær einnig fræðslu um kynferðisofbeldi og kynferðislega hegðun barna ([netnámskeið BOFS](#)). Vinna á eftir áætlun leikskólans við úrlausn þessara mála. Hvert mál er einstakt og er unnið samkvæmt því.

### **Markmið jafnréttisáætlunar leikskóla Árborgar**

Markmið jafnréttisáætlunar er að skapa tækifæri fyrir alla til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, víðsýni og jafnréttis. Jafnréttisstefna gildir um starfið með börnunum, um skólanámskrá leikskólanna, um starfsmannastefnur og um samvinnu við foreldra.

## **Leiðir jafnréttisáætlunar leikskóla Árborgar:**

### **Börn.**

Í leikskólum Árborgar:

- Ber að stuðla að jöfnum tækifærum til náms og leiks óháð kyni, uppruna, tungumáli eða fötlun.
  - Ábyrgð: Kennarar og stjórnendur
  - Hvenær: Í daglegu starfi, við áætlanagerð og skipulagningu leikskólastarfsins.
- Ber að mæta þörfum sérhvers barns óháð kyni. Tryggja ber að öll börn hafi sama rétt, fái sama viðmót, ásamt hvatningu og örvun í þeim viðfangsefnum sem leikskólarnir bjóða uppá.
  - Ábyrgð: Kennarar og stjórnendur
  - Hvenær: Í daglegu starfi, við áætlanagerð og skipulagningu leikskólastarfsins.
- Ber að stuðla að vináttu, samleik og jákvæðum samskiptum kynjanna.
  - Ábyrgð: Kennarar og stjórnendur
  - Hvenær: Í daglegu starfi, við áætlanagerð og skipulagningu leikskólastarfsins.
- Ber að stuðla að því viðhorfi að það sé eðlilegt að öll börn, óháð kyni, leiki sér með allt leikefni og taki þátt í öllum leikjum sem leikskólarnir bjóða upp á.
  - Ábyrgð: Kennarar og stjórnendur
  - Hvenær: Í daglegu starfi, við áætlanagerð og skipulagningu leikskólastarfsins.
- Ber að vinna gegn þeirri tilhneigingu að skipta veröldinni upp í kyndbundna veröld.
  - Ábyrgð: Kennarar og stjórnendur
  - Hvenær: Í daglegu starfi, við áætlanagerð og skipulagningu leikskólastarfsins.
- Ber að leitast við að tryggja að börnin upplifi að starfsfólk leikskólans endurspegli margbreytileika mannlífsins og að verkaskipting sé ekki kynbundin.
  - Ábyrgð: Stjórnendur
  - Hvenær: Í daglegu starfi og við skipulagningu leikskólastarfsins.
- Ber að varast að nota hugtök sem upphefja eða niðurlægja kyn eða atgervi fólks.
  - Ábyrgð: Kennarar og stjórnendur
  - Hvenær: Í daglegu starfi og við skipulagningu leikskólastarfsins.
- Ber að varast neikvæðar staðalímyndir þegar kemur að kynjahlutverkum í lífi og starfi.
  - Ábyrgð: Kennarar og stjórnendur
  - Hvenær: Í daglegu starfi, við áætlanagerð, við val á námsefni og skipulagningu leikskólastarfsins.

### **Foreldrar.**

Í leikskólum Árborgar:

- Ber að leita leiða til að allir foreldrar (óháð uppruna, trú, menningu, kyni, kynhneigð eða fötlun) upplifi að þeir séu velkomnir í leikskólasamfélagið og fái að hafa áhrif.
  - Ábyrgð: Allt starfsfólk
  - Hvenær: Ávallt í daglegu starfi, í rituðu og töluðu máli
- Ber að gæta þess að beina samskiptum og orðum til foreldra/forráðamanna, hvort sem þeir eru í sambúð eða ekki.
  - Ábyrgð: Kennarar og stjórnendur
  - Hvenær: Í daglegu starfi, í rituðu og töluðu máli
- Ber að stuðla að góðu samstarfi við foreldra/forráðamenn.
  - Ábyrgð: Kennarar og stjórnendur
  - Hvenær: Ávallt
- Ber að leggja áherslu á að báðir foreldrar/forráðamenn mæti í foreldraviðtöl.
  - Ábyrgð: Kennarar og stjórnendur

- Hvernig: Þegar foreldrar/forráðamenn eru boðaðir í viðtöl/samtöl eru báðir foreldrar/forráðamenn hvattir til að mæta.
- Ber að hvetja alla foreldra/forráðamenn til að taka þátt í foreldrasamstarfi við leikskólann.
  - Ábyrgð: Kennarar og stjórnendur
  - Hvernig: Í öllum auglýsingum á vegum leikskólans eru foreldrar/forráðamenn hvattir til þátttöku.
- Beina upplýsingum til beggja foreldra/forráðamanna.
  - Ábyrgð: Kennarar og stjórnendur
  - Hvernig: Til dæmis...
    - Með tölvupósti,
    - á upplýsingatöflu,
    - á heimasíðu leikskólans,
    - í daglegum samskiptum.

## **Starfsfólk**

Í leikskólum Árborgar:

- Ber að stuðla að því að starfsmannahópurinn endurspegli margbreytileika mannlífsins og að verkaskiptingin sé ekki kynbundin.
  - Ábyrgð: Stjórnendur
  - Hvenær: Ávallt og að allt starfsfólk gangi í öll störf
- Ber að auglýsa eftir starfsfólki í leikskólana ókynbundið. Líta til kynjahlutfalls við ráðningar, reynist tveir umsækjendur jafnhæfir.
  - Ábyrgð: Stjórnendur
  - Hvenær: Ávallt
- Er leitast við að foreldrar taki jafnt á sig fjarveru frá vinnu vegna eigin barna.
  - Ábyrgð: Stjórnendur
  - Hvenær: Ávallt
- Ber að vera á verði gagnvart hegðun eða samskiptum sem starfsfólk getur skynjað sem kynbundið áreiti, kynbundið ofbeldi og/eða kynferðislegt áreiti.
  - Ábyrgð: Stjórnendur
  - Hvenær: Ávallt
- Ber starfsfólki að temja sér orðfæri sem tekur tillit til þeirra kynja sem eru á staðnum hverju sinni.
  - Ábyrgð: Stjórnendur
  - Hvenær: Ávallt
- Ber að stuðla að umræðum um jafnréttismál og vinna gegn því að litið sé á störf í leikskólanum sem kvennastörf.
  - Ábyrgð: Stjórnendur og kennarar
  - Hvenær: Ávallt í töluðu máli og rituðu.
- Ber að sjá til þess að allt starfsfólk hafi jafna möguleika til að sækja námskeið/endurmenntun
  - Ábyrgð:
  - Hvenær: Ávallt
- Ber eftir fremsta megni að leita leiða til að styðja við starfsfólk sem stundar nám.
  - Ábyrgð: Stjórnendur
  - Hvenær: Ávallt
- Ber að leita leiða til að gera starfsfólki kleift að samræma skyldur sínar gagnvart vinnu og einkalífi.
  - Ábyrgð: Stjórnendur
  - Hvenær: Ávallt
- Ber að hvetja allt starfsfólk til að nýta sér rétt sinn til fæðingar- og foreldraorlofs.
  - Ábyrgð: Stjórnendur

- Hvenær: Ávallt
- Ber að upplýsa allt starfsfólk um réttindi sín vegna veikinda barna. Gæta þess að það komi fram í starfsmannahandbók.
  - Ábyrgð: Stjórnendur
  - Hvenær: Ávallt
- Ber að kynna aðgerðar- og forvarnaráætlun í tengslum við EKKO mál fyrir öllu starfsfólki .Gæta þess að það komi fram í starfsmannahandbók.
  - Ábyrgð: Stjórnendur
  - Hvenær: Ávallt

### **Kynning og endurskoðun á jafnréttisáætlun leikskólana í Árborg.**

Jafnréttisáætlun þessi er hluti af starfsmannahandbókum leikskólanna í Árborg. Starfsmannahandbókin er á hverri deild og deildarstjórar sjá um að kynna hana fyrir kennurum og starfsmönnum sem eru að hefja störf. Starfsmannahandbókin er uppfærð þegar þurfa þykir og/eða þriðja hvert ár.